

TEXTAR SETTIR SAMAN VIÐ ÝMIS LÖG FYRIR KARLAKÓRINN STEFNI

Skýringar

Þetta eru all textar sem eru settir saman eftir pöntun söngstjóra kórsins. Sumir eru lauslega þýddir eða stældir eftir erlendri fyrirmynd, aðrir frumsamdir. Meginmarkmið flestra textanna er að þeir séu sæmilega sönghæfir og falli að þeim útsetningum sem voru á dagskrá.

Efnisyfirlit

Á Víkingaslóð

Lag: *Syrpa af lögum frá Wales*

Ljóð: Höskuldur Þráinsson

bls. 2

Barnagæla á Jólaföstu

Lag: Roger Miller

Ljóð: Höskuldur Þráinsson

bls. 3

Heilræði

Lag: Atli Guðlaugsson

Ljóð: Höskuldur Þráinsson

bls. 3

Í Krá að Kirkjubaki

Lög: *Ýmsir þýskir drykkj söngvar*

Ljóð: Höskuldur Þráinsson og Hjörtur Þráinsson

bls. 4

Skál! Skál! Skál!

Lag: Sigmund Romberg (*Úr Stúdentaprinsinum.*)

Ljóð: Höskuldur Þráinsson

bls. 5

Skálarræða Heimspekingsins

Lag: Nils Torvald Østerbø

Ljóð: Höskuldur Þráinsson

bls. 5

Söngvatnið

Lag: Hanna Peuckert

Ljóð: Höskuldur Þráinsson

bls. 6

Trinklied/Ölerindi II

Lag: Franz Peter Schubert

Ljóð: Hallgrímur Pétursson og Höskuldur Þráinsson

(Höfundur þýska textans ókunnur.)

bls. 6

Við Skálum

Lag: Giuseppe Verdi (*Úr óperunni Ernani*)

Ljóð: Höskuldur Þráinsson

bls. 6

Vín, Borg Minna Drauma

Lag: Rudolf Siczynski

Ljóð: Höskuldur Þráinsson

(Samið árið 2000 í minningu Vínarvinarins Lárusar Sveinssonar trompetleikara og stjórnanda Stefnis um árabil.)

bls. 7

Vor við Ysta Haf

Lag: Atli Guðlaugsson

Ljóð: Höskuldur Þráinsson

bls. 7

Á VÍKINGASLÓÐ

*Syrpa af lögum frá Wales
Ljóð: Höskuldur Þráinsson*

STRANDHÖGG

Yfir hvíta öldufalda
öslar skip í vestankalda.
Vilja nú í víking halda
vaskir norðanmenn.

Eftir fang við Ægisdætur
ýmsum verður dúrinn sætur.
Mánaskin í skjóli nætur
skímu veitir enn.

Heyrist garg í hrafni.
Hér mun fyrir stafni
fögur strönd og frjósöm lönd
og fram í Óðins nafni!

Nú látum hávæð heróp gjalla,
hræðum þessa búandkalla,
rekum þá svo fram til fjalla.
Fellur virkið senn.

Hér skal enginn okkar týnast,
æðruleysið, það er brýnast.
Skulu í hverri sveiflu sýnast
sverðin tvenn og þrenn.

Hlöðum vali væna,
vætum mosann græna
rauðu blóði. Arfar Óðins
öllu fénu ræna.

Við festar skipið bíður bundið,
bláar öldur lita sundið.
Bát úr fjöru hafa hrundið
hraustir norðanmenn.

HIN MJÚKA MÆR

Ég hef aldrei unnið neitt
en um það verið sekur
að láta aðra annast mig
og elskað værd og dekur.

Nú er allt mitt eðli nýtt
og ástin hefur breytt mér,
því bros þitt hefur heillað mig
og hamingjuna veitt mér.

Dag og nótt mig dreymir þig,
mig dreymir þú sért hjá mér.
Ó, seg mér hvort þitt hjarta heitt
á hita til að ljá mér.

Ástin sönn, þú mjúka mæ,
er meira en stundargaman.
Hún tengir bæði huga, hönd
og hjörtu okkar saman.

Í LUNDINUM GRÆNA

Í lundinum græna þar lækurinn streymir
í ljósbláu húmi ég geng stundum ein.
Og jafnvel um hábjartan dag þar mig dreymir
í dökkleitum skugga af laufþungri grein.

Í lundinum þessum söng lævirkinn forðum
er læddist ég þangað og atlota naut.
Og blómálfar hvísluðu ástleitnum orðum,
en ástvinur minn er nú horfinn á braut.

ÞÚ LAND MINNA FEÐRA

(Þjóðsöngur Walesbúa)

Þú land minna feðra er ég elska og ann
með ættjarðarsöngva og ljóð sem ég kann
og hetjurnar allar sem hurfu á braut
og hnigu í fósturlands skaut.

Wales! Wales! Ég fara vildi ei frá þér
sem ambátt án máls með hlekki um háls
og hér bý ég nú frjáls.

BARNAGÆLA Á JÓLAFÖSTU

Lag: Roger Miller

Ljóð: Höskuldur Þráinsson

Fannhvít mjöll felur nú grein,
föl bakvið ský vakir stjarna ein.
Logar kertaljós, læðist pabbi inn,
lítinn skó setur hann í jólagluggann þinn.

Ljúfur minn,
leggstu' á koddann þinn.
Allt er kyrrt, allt er hljótt,
einn á ferð er sveinki' um kalda vetrarnótt.

Með sinn gjafasekk gengur í snjó
gluggana sér, finnur lítinn skó,
litla jólagjöf lætur skóinn í.
Ljúfur minn, finndu nú hvað sængin þín er hlý.

Ljúfur minn ...

Með sinn gjafasekk gengur í snjó,
gluggana sér, finnur lítinn skó.
Litli stúfur minn, leggstu' á koddann þinn
Ljósið slökkt, svefninn geymi
litla drenginn minn.

HEILRÆÐI

Lag: Atli Guðlaugsson

Ljóð: Höskuldur Þráinsson

Ég á minn skrifborðsstól og tæknitól
og tölvufang með punktur-is.
Sit ég á löngum fundum, leiðist stundum,
lífsins gæða fer á mis.
Margvíslegt at í síma eyðir tíma,
eilíft nudd og tölvustress.
Já, það er stríð, ár og síð, alla tíð,
ár og síð, óttalegt stríð.

Láttu engan heyra þetta ljóta, leiða hjal.
Þú getur lyft þér upp úr þessum tárada.
Stígðu á bak, strax á bak!
Nú skal hljóma hófatak!

Látum svo fáka skeiða götu greiða,
glatt til heiða sólin skín.
Sést þar um græna móa lítil lóa
leiða spóa heim til sín.
Svo er þau glöð í framan syngja saman
sælt er gaman, hverfur stress.
Ó, þetta líf, ágætt líf, indælt líf,
en það líf!

Í KRÁ AÐ KIRKJUBAKI

Lög: Ýmsir þýskir drykkisöngvar

Ljóð: Höskuldur Þráinsson
og Hjörtur Þráinsson

1. BAKKUS KARLINN

(HÞ EFTIR VIVAT BACCHUS)

Þökkum guði vínsins vænum,
víst hann setti algjört met.
Þegar hann úr þrúgum grænum
þrúgnatárin renna lét.
Já, Bakkus hann var býsna glúrinna karl.

2. Í KRÁ AÐ KIRKJUBAKI

(HÞ EFTIR IM KRUG ZUM GRÜNEN KRANZE)

Í krá að kirkjubaki
ég kom svo þyrstur inn,
og sá þar sjóara' inni,
já sjóara einn við barinn minn.

Sá hafði glas í hendi,
ég hélt það væri öl,
og hárið niðr' á herðar
eins hrakið og þang í sjávarmöl.

3. ÁNING

(HJÞ OG HÞ EFTIR

ES ZOGEN DREI BURSCHEN)

Þrír stúdentar ætluðu' að steðja' yfir Rín,
en stönsuðu' á kránni og pöntuðu vín.

Þú fröken mátt bjóða' okkur bjórglas og vín,
og bjóddu' okkur svo upp á loftið til þín.

4. JÁ, EF AÐ DROTTINN EITTHVERT SINN

(HÞ EFTIR WENN ICH EINMAL
DER HERRGOTT WÄR)

Já, ef að drottinn eitthvert sinn
sitt alvald fæli mér.
Úr góðri eik ég gerði þá
eitt geysivoldugt ker.
Eitt ker sem næði' um veröld vítt,
eins vítt og sólin skín.
Og í það streymdi ár og síð
hið allra besta vín.

Og ef að drottinn annað sinn
sitt alvald fæli mér
úr besta gleri gerði ég
eitt glas við þetta ker.
Eitt glas svo hátt sem himinn nær
að hemja þorstans bál.
En bráðum myndu bræður sjá
í botn á þeirri skál.

5. GUÐAVEIGAR

(HÞ EFTIR KLASSISCHE TRINKLEHRE)

„Drekkum!“ sagði Seifur víst.
Sama gerði Þór.
Fornir guðir forðast síst
fögur vín og bjór.

Lít á fornu fræðin þín
fáðu skýra mynd.
Kristur breytti vatni' í vín
Var það kannski synd?

Hippokrates sagði: „Sex
súptu daga' í röð.“
Óðinn mælti: „Vitið vex
víst ef fæ ég mjöð.“

Bræður, bræður, bræður fylgjum þeim,
fylgjum þeim, fylgjum þeim, fylgjum þeim!

6. HANN GEFUR OKKUR GRÖSIN
(HJÐ EFTIR WAS BRINGEN UNS DIE REBEN)

Hann gefur okkur grösín og göfug vín
sem gljáfægð fylla glösín og gullín fín.
Gling, gló, guðaveig glitrar tær í glasi.
Gling, gló, guðaveig glitrar tær og gleði ljær.

7. EFTIRRÉTTURINN
(HJÐ EFTIR KEINEN TROPFEN IM BECHER MEHR)

Tæmd er skálin og bliknuð blóm,
búið vínið og pyngjan tóm.
Hlær þó hjarta og tunga.
Þessu ástandi veldur vín,
vína kæra og augun þín,
ástarblómið mitt unga.

Þetta indæla ástarljóð
orti stúdent á Hafnarlóð.
Væn er veitingastofan.
Konan unga sem krána á
kom og tyllti sér drengnum hjá,
var í engu að ofan.

8. RÍNARVÍN

(HJÐ EFTIR RHEINWEINLIED)
Nú lyftum skál og látum vínið renna
og ljúfan drekkum teyg!
Um allan heim, það okkur fróðir kenna,
fæst engin betri veig.

Og skál í botn, já bræður verðum mjúkir
þótt bágð sé okkar kaup.
Og séu grannar gamlir eða sjúkir
þá gefum við þeim staup!

9. VIÐ FÁUM ENN EITT FLÖSKUGREY
(HJÐ EFTIR

JETZT TRINK'N WIR NOCH A FLASCHERL WEIN)
Við fáum enn eitt flöskugrey,
holladríó!
Og fleiri' ef þessi nægir ei,
holladríaó!

10. VIÐ SKÁLUM
(HJÐ EFTIR EIN PROSIT DER GEMÜTLICHKEIT)

Við skálum, við skálum
gláðir syngjum söng!

SKÁL! SKÁL! SKÁL!

Lag: Sigmund Romberg
(Úr Stúdentaprinsinum.)
Ljóð: Höskuldur Þráinsson

Skál! Skál! Skál!
Já, skál fyrir ljúfum meyjum sem gleðja' okkar
sál!
Skál! Skál! Skál!
Já, skál fyrir því sem kveikir í hjartanu bál.
Er hún leggur þér arma um háls
andstreymið hverfur hverfur og þú verður
frjáls.
Varir rauðar og votar brár
þær vekja með þér heitar þrár.

Skál! Skál! Orka þín er
ennþá næg sýnist mér.
Skál! Skál! Skál!
Og láttu þig dreyma að ljúfan sé hér.

Skál! Skál! Skál!
Á kvöldhimni birtist stjarna og tindrar svo tær.
Skál! Skál! Skál!
Já, það er hún Venus, fögur og skínandi skær.
Er hún speglast í augnanna hyl,
öllu þú gleymir og sorg er ei til.
Ástarstjarnan hún brosir blítt
svo brjóstið verður ungt og hlýtt.

Skál! Skál! orka þín er ...

SKÁLARRÆÐA HEIMSPEKINGSINS

Lag: Nils Torvald Østerbø
Ljóð: Höskuldur Þráinsson

Það líf sem guð oss hefur gefið
gott ég tel.
Já, lífið guð oss hefur gefið,
gott og vel.
Skálum svo hér verði skemmtun og stuð,
skál, og svo tölum við um guð.

Já, svo er líka aftur annað,
aðra skál!
Allt sem ekki' er leyft er bannað,
ekkert mál!
Því spekingar vita að listin er löng
og lífið er stutt, en batnar við söng.

SÖNGVATNIÐ

Lag: *Hanna Peuckert*

Ljóð: *Höskuldur Þráinsson*

Við skulum allir skálum klingja!
Hver skrambinn, er flaskan orðin tóm?
Við náum aldrei okkar tæra hljóm
er þurrkur hálsinn þrengir.
Við þurfum tár, þurfum tárið drengir.

Við skálum hátt við skæran sönginn.
Hver skrambinn, var einn með fýlusvip?
Við þolum ekki slíkan gallagrip.
Við skulum sáttir syngja
og saman nú, saman glösum klingja.

Nú skíran heyrið skæran tóninn.
Hver skrambinn, og píanissimó!
Það gengur ef í glösunum er nóg.
Já ljúft nú lagið hljómar,
því lýkur ef flöskur verða tómar.

TRINKLIED/ÖLERINDI II

Lag: *Franz Peter Schubert*

Ljóð: *Hallgrímur Pétursson*

og *Höskuldur Þráinsson*

(Höfundur þýska textans ókunnur.)

Auf! Jeder sei nun froh und sorgen frei!
Auf! Jeder sei nun froh und sorgen frei!
Ist noch Jemand der mit Gram
Schwer im Herzen zu uns kam.
Auf! auf! er sei nun froh und sorgen frei!
Auf! auf! er sei nun froh und sorgen frei!

Upp, upp mín sál og allt mitt þunga geð!
Upp, upp mitta hjarta, líka rómur með!
Kannski' er einhver ykkar hér
ekki jafn hress og vera ber.
Lyftum þá skál
svo léttist okkar geð!

VIÐ SKÁLUM

Lag: *Giuseppi Verdi*

(*Úr óperunni Ernani*)

Ljóð: *Höskuldur Þráinsson*

Við skálum! Drekk út! Drekk út!
Nú forðast má sýt því flaskan er hér.
Hvað gleður þá bófa og bannsetta þjófa
ef bikarinn fer?

Nú veðjum við því gullið er valt eins og fullið
það veltur senn á braut.
Já, veðjum nú fyrst lífið ei leiðir oss vífið
með lostafagurt skaut.

Oft förum við um flóa og fjöll og dimma skóga
með brand og byssusting.
Er fýkur fönn á svelli, finnum skjól í helli
og mjúkan mosabing.

Við gleðjumst dátt! Já, skál! Já, skál!
Já, skál! Já, skál! Við skálum!
Við gleðjumst dátt! Já, skál! Já, skál!
Við gleðjumst! Já, skál!

VÍN, BORG MINNA DRAUMA

Lag: Rudolf Siczynski

Ljóð: Höskuldur Þráinsson

(Samið árið 2000 í minningu Vínarvinarins Lárusar Sveinssonar trompetleikara og stjórnanda Stefnis um árabíl)

Mitt hjarta og sál, öll hugsun og mál
er helgað þér, Vín, hverja stund.
Í gleði og sorg ég geng um þín torg,
með góðvinum á ég hér fund.
Og aldregi dvín, þú ástkæra Vín,
sú ást sem þú kveiktir hjá mér.
Ef héldi ég burt yrði hjartað um kjurt
og hugur minn eftir hjá þér.

Þá heyri ég úr fjarska löngum eitt ljóð,
svo ljúfan óm með töfrahljóm:
Vín, Vín, þú aðeins ein
æ verður borg minna drauma hrein.
Með þínum gömlu götukrám
glaðværu meyjum og fögru trjám.
Vín, Vín, þú aðeins ein
æ verður borg minna drauma hrein.
Borgin sem unni ég alla tíð
er Vín, er Vín, já Vín.

Sé öldrykkjumót eða eins konar blót
má ætla að ég verði með.
Ég gleðst þar við söng og góð drykkjarföng
svo gleymast mér sorgir og streð.
Og svönum á krá, ef sopið er á,
ég sýni ei prett eða fals.
Ég uni við dans með ungmeyjafans
þó einkum ef leikinn er vals.

Þá heyri ég úr fjarska ...

Ég skil að ég verð að fara í þá ferð
sem farin er síðasta dag
og kveðja þig, Vín, ó, kærastan mín.
Ég kvíði þó ei um minn hag.
Er flýg ég af stað þá frétt hef ég að
þar fagni mér himininn blár.
Þá sest ég á ský og sáttur á ný
ég sé þína turna og krár.

Þá heyri ég úr fjarska ...

VOR VIÐ YSTA HAF

Lag: Atli Guðlaugsson

Ljóð: Höskuldur Þráinsson

Fjarri ys og glaumi stendur húsið við hafið,
hátt lætur fugl, dátt lætur fugl, alda máir stein.
Þó lífið sé fábreytt á fjarlægri strönd
finnur augað hvíldir við hafsins bláu rönd.

Hér má líka ganga með goluna í fangið,
gleyma um stund, dreyma um stund,
losa dagsins bönd.
Þó hálokkum fækki og fölni þín brá
frískar golan upp það sem rykið fellur á.

Undir lágum garði kúrir kolla á dúni,
kalt næðir hér, svalt næðir hér,
vorið kemur seint.
Þó blási henni úrsvalur vindur um væng
verður nógur ylur í dúnsins mjúku sæng.

Hingað leitar sólin þegar dagsljósið dvínar,
dansar á sjó, stansar á sjó, rennur upp á ný.
Þó fuglinn sé þögull og húsið sé hljótt
hafið kastar geislum um vorsins ljósu nótt.